**2012/EES/56/10**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 112/2012

**frá 15. júní 2012**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn" í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2012 frá 30. apríl 2012 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/361/ESB frá 28. júní 2010 um viðurkenningu á Ísrael að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum ([2]).

3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/363/ESB frá 28. júní 2010 um viðurkenningu á Alsír að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum ([3]).

4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/704/ESB frá 22. nóvember 2010 um viðurkenningu á Srí Lanka að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum ([4]).

5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/705/ESB frá 22. nóvember 2010 um afturköllun viðurkenningar á Georgíu að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum ([5]).

6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/259/ESB frá 27. apríl 2011 um viðurkenningu á Túnis að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum ([6]).

7) Fella ber inn í samninginn skrá yfir viðeigandi skírteini sem eru viðurkennd samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna (staða 22. maí 2002) (2002/C 155/03) ([7]).

8) Fella ber inn í samninginn skrá yfir viðeigandi skírteini sem eru viðurkennd samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna (staða 17. febrúar 2003) (2003/C 268/04) ([8]).

9) Fella ber inn í samninginn skrá yfir viðeigandi skírteini sem eru viðurkennd samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna (staða 31. desember 2004) (2005/C 85/04) ([9]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

---

([1]) Stjtíð. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 33, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 38.
([2]) Stjtíð. ESB L 161, 29.6.2010, bls. 9.
([3]) Stjtíð. ESB L 163, 30.6.2010, bls. 42.
([4]) Stjtíð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 77.
([5]) Stjtíð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 78.
([6]) Stjtíð. ESB L 110, 29.4.2011, bls. 34.
([7]) Stjtíð. EB C 155, 29.6.2002, bls. 11.
([8]) Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7.
([9]) Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8.

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 56j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„56ja. **52002XC0629(02)**: Skrá yfir viðeigandi skírteini sem eru viðurkennd samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna (staða 22. maí 2002) (2002/C 155/03) (Stjtíð. EB C 155, 29.6.2002, bls. 11).

56jb. **52003XC1107(01)**: Skrá yfir viðeigandi skírteini sem eru viðurkennd samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna (staða 17. febrúar 2003) (2003/C 268/04) (Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7).

56jc. **52005XC0407(01)**: Skrá yfir viðeigandi skírteini sem eru viðurkennd samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna (staða 31. desember 2004) (2005/C 85/04) (Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8).

56jd. **32010 D 0361**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/361/ESB frá 28. júní 2010 um viðurkenningu á Ísrael að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (Stjtíð. ESB L 161, 29.6.2010, bls. 9).

56je. **32010 D 0363**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/363/ESB frá 28. júní 2010 um viðurkenningu á Alsír að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (Stjtíð. ESB L 163, 30.6.2010, bls. 42).

56jf. **32010 D 0704**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/704/ESB frá 22. nóvember 2010 um viðurkenningu á Srí Lanka að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (Stjtíð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 77).

56jg. **32010 D 0705**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/705/ESB frá 22. nóvember 2010 um afturköllun viðurkenningar á Georgíu að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (Stjtíð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 78).

56jh. **32011 D 0259**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/259/ESB frá 27. apríl 2011 um viðurkenningu á Túnis að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (Stjtíð. ESB L 110, 29.4.2011, bls. 34).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2010/361/ESB, 2010/363/ESB, 2010/704/ESB, 2010/705/ESB og 2011/259/ESB og skráa 2002/C 155/03, 2003/C 268/04 og 2005/C 85/04, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.